

Rannveig Þórhallsdóttir

Ársskýrsla Minjasafns
Austurlands



2002

Rannveig Þórhallsdóttir

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands

2002

*Ljósmynd á forsíðu er af Margréti Halldóru Harðardóttur og Guðnýju Rós Þórhallsdóttur, hugsanlegum fornleifafræðingum framtíðarinnar, við fornleifauppgröftinn á Skriðuklaustri.
Ljósmyndina tók Rannveig Þórhallsdóttir sumarið 2002.*

© Rannveig Þórhallsdóttir 2004
Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2002
Skýrslur Minjasafns Austurlands XIV
ISBN 9979-9576-2-X

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	4
OPNUNARTÍMI SAFNSINS	4
STARFSMANNAHALD.....	4
HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR.....	5
VETRARSTARFSEMI	6
SAFNAKENNSLA.....	6
“ÞÓ ÞÚ LANGFÖRULL LEGÐIR...”.....	6
SÝNING JÓNS GRÉTARS	7
KLAUSTURLÍF Á ÍSLANDI.....	7
SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA.....	8
SAMSTARF VIÐ ÞJÓÐMINJASAFNIÐ	8
MIÐLUN.....	9
LIFANDI STARFSEMI SAFNAHÚSSINS.....	9
SUMAROPNUN	9
ÞJÓÐHÁTTADAGAR.....	10
SUMARSÝNINGAR OG 17. JÚNÍ.....	10
HRÓARSTUNGUHRINGUR.....	11
HEIMSÓKNIR.....	11
ÝMIS STARFSEMI SAFNAHÚSSINS.....	12
KJARVALSHVAMMUR	12
GEIRSSTAÐAKIRKJA.....	13
SAFNADAGURINN.....	14
FARSKÓLI SAFNMANNA.....	14
BÓKAVAKA OG JÓLAGLEÐI	15
GESTAFJÖLDI.....	15
FORNLEIFARANNSÓKN.....	16
EVROPUSAMSTARF.....	17
STJÓRNARSTÖRF	20
SAFNAUKI.....	21
INNLÁN – ÚTLÁN	22
STYRKIR	23
LOKAORÐ.....	23

INNGANGUR

Söfn hafa mörgum hlutverkum að gegna. Þar eru munir varðveittir og þeim safnað, ennfremur hafa söfn skyldur gagnvart fræðslu, rannsóknnum, varðveislu og miðlun. Oft og tíðum getur reynst örðugt að fylgja öllum þessum skyldum - og draga auk þess að ferðafólk á sumrin, þar sem starfsfólk er fátt og fjármagni naumt skammtað. Óhætt er að segja að fámennt starfslið Minjasafns Austurlands leggi sig í líma við að sinna öllum þessum hlutverkum af krafti. Á árinu 2002 kvað við nýjan tón í sumarstarfsemi safnsins með örnefnagöngum og þjóðháttadögum. Voru dagskrárliðirnir tilraunastarfsemi til að draga að fleiri ferðamenn og virkja unga sem aldna heimamenn í starfi safnsins. Tilraunin gekk upp, að minnsta kosti þjóðháttadagarnir, sem vöktu mikla athygli. Um haustið var þegar ákveðið að halda þeim áfram og dagskrá næsta sumars fest á blað.


OPNUNARTÍMI SAFNSINS

Minjasafn Austurlands var opið til sýninga, frá kl. 13.00-17.00 alla virka daga yfir vetrartímann, auk þess sem skrifstofa safnsins og móttaka gripa var opin á hefðbundnum skrifstofutíma. Yfir sumartímann voru sýningar safnsins opnar á milli kl. 11.00 og 17.00 alla daga vikunnar. Kaffisalan og krambúðin var opin á opnunartíma sýningarsalar og síðasti opnunardagur sumarsins var 31. ágúst.

STARFSMANNAHALD

Starfsmannahald var óbreytt frá fyrra ári. Safnstjóri, Rannveig Þórhallsdóttir, var í fullu starfi við fjármálastjórnun, starfsmannahald, sýninga- og auglýsingagerð, stjórnun Evrópuverkefna og skipulagningu safnkennslu. Skúli Magnússon safnvörður í 50 % starfi, sá um skráningar á safngripum, viðhald Kjarvalshvamms og Geirsstaðakirkju, sýningagerð og hönnun, sem og móttöku skólahópa yfir sumartímann. Lára Guðlaug Jónasdóttir var í heilu starfi yfir sumartímann, var starfsvið hennar móttaka gesta, uppgjör á kassa, þýðing texta yfir á þýsku og önnur sérverkefni. Var þetta annað sumarið sem Lára Guðlaug starfaði á safninu. Stefanía Steinþórsdóttir sinnti einnig sumarafgreiðslu aðra hverja helgi yfir sumartímann.

HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR




Rekstrarkostnaður hússins stóðst að mestu leyti áætlanir á þessu ári. Viðhaldskostnaður var þó hærri en áætlað hafði verið vegna bónframkvæmda, sem mikil þörf var á að ljúka. Safnið var lokað yfir páskana vegna þessa. Rafey hf. hefur um árabíl séð um viðhald og eftirlit á hita- og loftræstibúnaði hússins. Samstarf við Rafey hf. hefur gengið vel og er rekstur kerfanna kominn í eðlilegan farveg, eftir talsverða hækkun rekstrarkostnaðar á síðustu árum. Á árinu var lokið við uppsetningu sólarfilmu í sýningarsal safnsins til að verja sýningargripi gegn útfjólubláum geislum. Húsbúnaður var bættur með kaupum á borðum og skrifstofustólum úr innbúi Meðferðarheimilisins á Skjöldólfssstöðum og nýttust húsgögnin vel í starfsemi Safnahússins.

Sem fyrr er ástæða til að minna á, að ekki hefur verið lokið við síðasta byggingaráfanga Safnahússins; búnaður við hurðir í kjallara er ónýtur vegna leka, þéttikantur sem átti að vera á öllum hurðum til þess að varna reykskemmdum virkar ekki, hluti af eldvarnakerfi hússins hefur aldrei verið settur upp og engar svalir eru á miðhæð. Aðstaða fyrir starfsfólk safnsins er engin og kaffiafgreiðsla er enn í bráðabirgða aðstöðu. Í húsinu er ennþá engin lyfta og gerðar hafa verið alvarlegar athugasemdir vegna aðgengis fatlaðra. Að auki veldur ófrágenginn grunnur enn leka í geymslum, þó að leka sé haldið í skefjum með “áveitukerfi” í loftinu. Það er fyrir löngu kominn tími til að ljúka við byggingu hússins.

Árið 2001 sendu forstöðumenn safnanna í Safnahúsinu bréf til Héraðssnefndar, þar sem óskað var eftir því að byggingarnefnd Safnahússins yrði gerð virk og byggingu lokið. Fól Héraðsnefnd Múlasýslna framkvæmdarstjóra sínum, Þorvaldi Jóhannssyni, að bregðast við bréfi forstöðumannanna. Í bréfi dags. 22. janúar 2002 gerir hann grein fyrir málinu. Þar kemur fram að Guðmundur Magnússon sem verið hafði formaður byggingarnefndar Safnahússins hafi skilað öllu af sér. Guðmundur vísaði síðan á Óla Metúsalemsson verkfræðing, sem aðila með góða þekkingu á ástandi hússins. Óskaði Þorvaldur eftir því f.h. Héraðsnefndar Múlasýslna að Eignasjóður Austur-Héraðs myndi taka að sér að skoða málefni Safnahússins á Egilsstöðum. Á fundi Héraðsstjórnar Héraðssvæðis sem haldinn var 8. apríl 2002 var eftirfarandi bókað um samning safnahúss við Eignadeild Austur-Héraðs: *“Til máls tók Björn Hafþór Guðmundsson bæjarstjóri og kynnti stöðu málsins. Samþykkt var að beina því til forstöðumanna Safnahússins að beita sér fyrir stofnun formlegs húsfélags.”* Bókun þessi var send forstöðumönnum í bréfi dags. 11. apríl 2002. Forstöðumenn fjölluðu um tilmæli Héraðsstjórnar og voru sammála um að fela Eignadeild Austur-Héraðs rekstur Safnahússins og var leitað til Bjarna Björgvinssonar lögfræðings um aðstoð við gerð starfsreglna fyrir húsfélag. Það er brýnt að ljúka þeim málum sem snúa að lokauppgjöri á byggingu Safnahússins og ákvörðun um rekstrarfyrirkomulag þess, þannig að hægt verði að marka stefnu varðandi framhald á uppbyggingu hússins.

Á árinu 2002 greiddu sveitarfélögin uppsafnaðan rekstrarhalla frá fyrri árum, sem var meðal annars tilkominn vegna hærri launa- og rekstrarkostnaðar en gert var ráð fyrir, byggingu Geirsstaðakirkju í Hróarstungu og kostnaðar við heimasíðugerð.

Hér sést rekstrarniðurstaða Minjasafns Austurlands, frá upphafi. Hefur oftari verið rekstrarhagnaður en halli, en árið 2002 var rekstrarhallinn kr. 67.819.



VETRARSTARFSEMI

SAFNAKENNSLA

Samvinna við skólana var sem fyrr með ágætum á árinu. Heildarfjöldi nemenda sem heimsóttu safnið við verkefna- eða vettvangsvinnu var 673 og hefur aðsókn skólahópa sjaldan verið betri, til að mynda voru skólahópar helmingi fleiri árið 2002 en árið 2000. Metaðsókn skólabarna er engu að síður frá árinu 1999, en þá rituðu 763 nemendur og kennarar nafn sitt í gestabók safnsins. Nemendur úr grunnskólanum hafa á hverju ári komið í starfskynningu á Minjasafni Austurlands. Í ár kom Hildur Evlalía Unnarsdóttir í starfskynningu, henni kennd skráning muna og farið í grunnatriði safnastarfs. Lauk hún starfskynningunni með því að setja upp sýningu á peysufötum í aðalsýningarsal safnsins.

Skúli Magnússon og Þórhallur Borgarsson tóku þann 13. mars á móti nemendum í tíunda bekk Egilsstaðaskóla og fræddu þá um fyrri heimsstyrjöldina og sýndi Þórhallur Borgarsson vopn og muni úr einkaeign. Hlutu tvímenningarnir góðar þakkir fyrir áhugaverðan fyrirlestur frá nemendum og kennara, Sigfúsi Guttormssyni.



Þórhallur Borgarsson sýnir nemendum stríðsvopn

“ÞÓ ÞÚ LANGFÖRULL LEGÐIR...”

Frá sýningaropnun "Þó þú langföruð legðir..."

Nokkrar sýningar voru settar upp á árinu í tengslum við áfanga í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Nemendasýningar hafa verið einstaklega vel sóttar af heimamönnum og er það mjög ánægjulegt. Vesturfarasýningin "Þó þú langföruð legðir..." var opnuð 1. maí. Sýningin var unnin af nemendum í íslensku 403 undir stjórn Stefáníu Óskar Sveinbjörnsdóttur. Meginefniviður sýningarinnar var bók Böðvars Guðmundssonar, *Híbyli vindanna*, sem og ljósmyndir, skáldverk, dagbækur og bréf er tengjast Vestur-Íslendingum og eru varðveitt á Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Sýningin var samstarfsverkefni safnanna þriggja í Safnahúsinu og Menntaskólans á Egilsstöðum. Á sýningaropnun mættu um 120 manns og þáðu harðfisk, hákarl og mysu í veitingar. Er óhætt að segja að slíkur fjöldi gesta sé metaðsókn á nemendasýningu safnsins. Sýningin var send á Vopnafjörð í tilefni af opnun Kaupvangs, en frá Vopnafirði fóru margir vestur um haf seint á nítjándu öld.



SÝNING JÓNS GRÉTARS

Í nóvember opnaði Jón Grétar Broddason, fjölfatlaður nemandi við Menntaskólann á Egilsstöðum, sýningu á myndlistarverkum sínum er hann hafði unnið í myndmennt hjá Ólöfu Björk Bragadóttur í áfanganum *Umhverfi og frístundir*. Jón Grétar notaði blandaða tækni við vinnu sína og á sýningunni gaf að líta akrýlmyndir, klippimyndir, leirfígúrur og útsaumaðar myndir. Helgi Gunnarsson, nemandi í M.E. aðstoðaði við uppsetningu sýningarinnar.



Jón Grétar Broddason við listaverk sín.

KLAUSTURLÍF Á ÍSLANDI

Jón Guðmundsson leikur á flautu við sýningaropnun.

Sýningin *Klausturlíf á Íslandi* var opnuð með pompi og prakt 21. nóvember, sem var upphafsdagur "Daga myrkurs", en þá fagna austfirðingar skammdeginu. Nemendur fjölluðu meðal annars um upphaf og tilgang klastra í Evrópu, klaustur á Íslandi, gerðu líkan af klaustri, báru saman munkaklaustur og nunnuklaustur, fjölluðu um tónlist á miðöldum, fatnað og húsakynni munkar og sviðsettu ljósmyndir af nunnunni sem brennd var á Systrastapa. Einnig var fjallað um fornleifauppgröftinn á Skriðu í Fljótsdal og gerð gína í líki munks í fullri stærð, sem sat við skriftir. Nemendur sáu um gerð sýningarskrár og auglýsinga.



Veitingar á sýningaropnun voru selkjöt, harðfiskur, berjasaft, pilsner, rófur og melónur. Í tengslum við sýninguna voru haldnir fyrirlestrar um klausturlíf; Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri, fjallaði um klaustrið á Skriðu, Jón Ingi Sigurbjörnsson, framhaldsskólakennari, fjallaði um klausturlíf og



Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur, sagði frá fornleifauppgreftirum á Skriðuklaustri. Menningarráð Austurlands styrkti verkefnið. Á sýningaropnun og fyrirlestrana mættu um 100 manns og þykir það mjög góð aðsókn.

Skúli Magnússon safnvörður sker soðinn sel ofan í sýningargesti.

SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA

Bryndís Skúladóttir, leikskólakennari við Leikskólann Tjarnarland, hafði frumkvæðið að árangursríku samstarfi með leikskólabörnum og eldri borgurum í verkefninu "Aldnir hafa orðið". Samstarfið fólst í að leiða saman hópa af leikskólabörnum og eldri borgurum, sem sögðu frá lífi sínu fyrr á tímum. Hóparnir sameinuðust í spjalli og söng og var ánægjulegt að fylgjast með hve vel þeir náðu saman. Þeir sem tóku þátt í verkefninu voru Gunnhildur Björnsdóttir, Bjarney Jónsdóttir, Ólöf Sölvadóttir, Stefanía Valdimarsdóttir, Árni Bjarnason og leikskólabörn frá Hamrabæ, elstu deild leikskólans Tjarnarlands. Bryndís Skúladóttir hélt áfram með spennandi samstarf leikskólans og safnsins, með verkefninu "Renni, renni rekkjan mín", þar sem börnin upplifðu "sviðsmynd" ævintýris í baðstofu safnsins.

SAMSTARF VIÐ ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

Rannveig Þórhallsdóttir, safnstjóri Minjasafns Austurlands og Stefanía Gísladóttir frá Byggðasafni Norður-Þingeyinga fóru saman í vikulanga safnaferð á Þjóðminjasafn Íslands í febrúar. Tilgangurinn var að fræðast um forvörslu, geymslu og einstakar deildir Þjóðminjasafnsins. Fengu safnstjórnarnir góðar viðtökur í öllum deildum safnsins og nýttist ferðin mjög vel varðandi forvörslu á ýmsum sviðum. Að auki var mikils vert að öðlast heildarsýn yfir það viðfangsmikla safnastarf sem unnið er á Þjóðminjasafni Íslands.

Þann 24. júní var haldinn fundur um stefnumótun í málefnum minjasafna á landinu, undir stjórn Margrétar Hallgrímsdóttur, þjóðminjavarðar. Stefnumótunin er hluti af vinnu við safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu. Á fundinn mættu safnmenn, minjaverðir, fulltrúar sveitarfélaganna, menningarfulltrúar og ferðamálafulltrúar. Markmið fundarins var að fara með markvissum hætti yfir málefni safna og alla þá þætti í starfsemi þeirra sem efla þyrfti sérstaklega. Í blaðagrein sem birtist í Morgunblaðinu 9. júlí 2002, og fjallaði um stefnumótunarfundinn á Egilsstöðum, er haft eftir Margréti:

"Í samræmi við ný safnalög var óskað eftir fulltingi menntamálaráðuneytisins til að móta safnastefnu í landinu, til þess beinlínis að efla starfsemi safna...Meðal markmiða okkar er að tengja safnastarf á hverjum stað, þannig að til dæmis sé hægt að sameinast um verkefni, starfsfólk og nýtingu fjármagns. Jafnframt þarf að auka samstarf við aðrar menningarstofnanir hérlandis og erlendis. Þá er brýnt að gera

safnastarf markvissara og efla sérkenni hvers svæðis. Við viljum vita hvaða væntingar söfnin hafa til Þjóðminjasafnsins og efla fagmennsku almennt á öllum verksviðum safna”.

Margrét hvatti til þess að hvert safnasvæði yrði skilgreint sérstaklega og verkefnum forgangsraðað. Einnig yrðu styrkleikar og veikleikar hvers svæðis metnir, til að mynda í sambandi við varðveisluhæfi muna og aðstöðu til rannsókna. Fundurinn á Egilsstöðum leiddi í ljós ýmsar hugmyndir safnafólks um sérkenni Austurlands í sögulegu samhengi. Þar voru nefnd eftirfarandi atriði sem möguleiki væri á að nota sem sögulegt sérkenni Austurlands: firðir, fjölskrúðug söfn, steinaríkið, vagga tækninnar á Seyðisfirði, tröllatrú, gamlar byggingar, skógrækt, galdratrú, Kjarval, handverk, eyðibýli, Jökuldalurinn, Fljótsdalshéraðið, Hallormsstaðarskógur og sterk erlend samskipti. Á fundinum kom fram sterkur vilji heimamanna til að sýna hluti, sem ættu uppruna á Austurlandi, í sínu rétta umhverfi. Ljóst er að grundvallaratriði slíkra sýninga er góð geymslu – og sýningaraðstaða fyrir gripí í fjórðungnum. Töldu menn einnig mikilvægt að tengja austfirsk söfn á einhvern hátt við minja- eða safnaráð.

MÍÐLUN

Vert er að geta þess að lögbundið hlutverk minjasafna er að safna, skrá, varðveita og forverja, sem og stunda rannsóknir, vinna úr gögnum og miðla upplýsingum. Miðlunarþátturinn er oftast í formi sýninga, safnfræðslu, skólafræðslu og leiðsögn ferðamanna. Með markvissu samstarfi við framhaldsskólanemendur í M.E. og leikskóla á svæðinu hefur miðlun til nemenda verið í góðum farvegi á Minjasafni Austurlands. Í raun má segja að *þjóðháttadagarnir* yfir sumartímann séu nýbreytni í miðlun til safngesta, en þá er blandað saman sýningum á gripum, sýningu á handverki og fræðilegri og alþýðlegri umfjöllun um viðfangsefnið.

Á heimasíðu safnsins, **www.minjasafn.is**, er að finna upplýsingar um starfsemi safnsins, m.a. í fundargerðum og ársskýrslum og stendur til að setja þar inn safnaverkefni í framtíðinni. Minni tími hefur gefist en vonir hafa staðið til í uppfærslu upplýsinga á heimasíðunni en vonandi stendur það til bóta í framtíðinni.

LIFANDI STARFSEMI SAFNAHÚSSINS

SUMAROPNUN

Sumaropnun var fyrstu helgina í júní og var sérstök athygli heimamanna vakin á Vesturfarasýningu nemenda í M.E. Kaffiafgreiðsla safnsins var með hefðbundnu sniði. Minjasafn Austurlands er sem fyrr með bráðabirgðaleyfi til kaffisölu, þar sem safnið fullnægir ekki skilyrðum um fjölda vaska í afgreiðslu. Þessi mál hafa verið í biðstöðu, þar sem ekki hefur enn verið lokið við byggingu safnahúsins.

Gerðar voru tilraunir með tvennskónar nýjungar í sumarstarfsemi á þessu ári; örnefnagöngur og þjóðháttadaga. Boðið var upp á örnefnagöngu fyrir þýska ferðamenn á hverjum laugardegi. Vorið 2002 hófst beint flug frá Þýskalandi til Egilsstaða og tilraun þessi átti að miða að því að bjóða áhugaverða þjónustu fyrir þá þýsku ferðamenn sem lögðu leið sína til Austurlands. Hugmyndin var að bjóða í lok göngunnar upp á hefðbundinn íslenskan þorramat í Gistihúsinu á Egilsstöðum, en því miður

var lítil sem engin þátttaka og var þeim því fljótlega hætt. Ferðaskrifstofa Austurlands hafði búið við miklum fjölda ferðamanna austur á land, en raunin varð sú að stærstur hluti hinna þýsku viðskiptavina LTU fóru út úr vélinni í Keflavík og skiluðu sér ekki austur.

ÞJÓÐHÁTTADAGAR

Í ársskýrslu ársins 2001 voru settar fram hugmyndir um sumardagskrá, sérstaklega hannaða fyrir íslenska gesti safnsins. Vetrartíminn það árið var vel nýttur til undirbúnings spennandi sumardagskrár og hugmyndinni hrint í framkvæmd sumarið 2002. Tekið var upp sú nýjung að bjóða upp á þjóðlegt handverk og sýnishorn af íslenskum atvinnuháttum á fimmtudögum, á milli kl. 13.00-17.00, yfir sumartímann. Menningarsjóður Héraðssvæðis styrkti þjóðháttagana um kr. 50.000 og var dagskráin fjölbreytt og áhugaverð. Þórhallur Björgvinsson og Árni Bjarnason, eldri borgarar á Egilsstöðum, hófu þjóðháttagana með því að sýna túnslátt með orfi og ljá og í kjölfarið tók Skúli Magnússon við og fjallaði um veiðivopn og kotbónda. Anna Heiða Óskarsdóttir sýndi útsaum af ýmsu tagi. Edda og Hlynur á Miðhúsum sýndu tínugerð. Sigurður og Hallgrímur Helgasynir frá Vopnafirði sýndu eldsmíði, þar sem notuð voru birkikol frá Gesti Helgasyni á Droplaugarstöðum í Fljótsdal. Þórhallur Árnason sýndi útskurð úr ýsubeinum. Þorsteinn Ingi Steinþórsson fjallaði um ostagerð. Fjallað var um tónlist fyrr á tímum og Helgi Hallgrímsson fræddi gesti um sveppatínslu. Á hverjum fimmtudegi var þar að auki sett upp "sýning" á gripum er tengdust viðfangsefni hverrar viku. Þjóðháttagarnir mæltust vel fyrir hjá safngestum og var ákveðið að halda áfram með þá sumarið 2003.



Sigurður Helgason frá Vopnafirði snýr eldsmiðjunni á þjóðháttagi.

SUMARSÝNINGAR OG 17. JÚNÍ

Djazzhátíðin á Egilsstöðum er þekktur viðburður á Héraði. Sett var upp sýning á sýningarsvæði Bókasafns Héraðsbúa á munum og myndum er tengdust hátíðinni. Í tilefni dagsins komu Árni Ísleifs og félagar og léku jazz í anddyri safnahússins, til að hita upp fyrir sveiflu helgarinnar.



Í léttri sveiflu hjá Safnahúsinu.



Lára Guðlaug og Rannveig safnstjóri.

Lára Vilbergsdóttir undirbjó hátíðarhöld á 17. júní og

sem fyrr var það verk vel af hendi leyst. Þetta árið fór þó svo að veður var afleitt, gekk á með skúrum og hvössum vindi og þrátt fyrir mikinn undirbúning komu fáir gestir á safnið. Hér má sjá starfsfólk safnsins uppabúið á þjóðhátíðardegi allra landsmanna.

HRÓARSTUNGUHRINGUR

Anna og Karl, afmælisbörn

Minjasafn Austurlands stóð fyrir dagsferð um Hróarstungu, með sagnfræðilegri leiðsögn, sunnudaginn 18. ágúst. Var þetta í annað sinn sem farið var í rútuferð með leiðsögn á vegum safnsins á þessum degi, en árið áður var ferðast um Jökuldalsheiði. Fyrsti áfangi leiðarinnar var Krakalækjarþing. Var hinn forni þingstaður skoðaður og einnig hinar greinanlegu rústir þingbúðanna. Næst var skoðuð kirkjan að Kirkjubæ. Boðið var upp á pönnukökur og kaffi að Galtarstöðum og má



geta þess að Karl Jónsson, ábúandi að Galtarstöðum fremri og Anna Björnsdóttir, þátttakandi í rútuferðinni, áttu bæði afmæli 18. ágúst og má hér sjá mynd af afmælisbörnunum. Frá Galtarstöðum var farið að Geirsstaðakirkju og lauk ferðalaginu í Húsey, þar sem grillað var og sungið. Sem fyrr í dagsferðum safnsins var Páll Pálsson frá Aðalbóli leiðsögumaður og fór hann á kostum við mikla ánægju þátttakenda. Rósa Sigurbjörnsdóttir sá um veitingar í ferðinni, með aðstoð Jódísar Skúladóttur. Sáu þær alfarið um pönnukökubakstur, grillmat og eldamennsku og skiluðu af sér frábæru verki. Ferðin var styrkt af Menningarsjóði Héraðssvæðis. Ferð sem þessi er ætluð til að færa alþýðlegan fróðleik nær heimamönnum, endurvekja gamlar sögur og halda lífi í þeim. Það er ánægjulegt hve heimafólk sækir vel viðburði sem þessa og segir það meira en mörg orð um þörf þess að halda lifandi sagnfræðilegri arfleifð hvers landssvæðis.

HEIMSÓKNIR

Í lok janúar komu Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, ásamt Þorbjörgu Gunnarsdóttur, Jóni Þórissyni, Kolbrúnu Kjarval og Áskeli Heiðari Ásgeirsyni, forstöðumanns Kjarvalsstofu, á Minjasafn Austurlands á leið sinni til Borgarfjarðar eystra. Gripir Kjarvals, sem varðveittir eru á safninu voru skoðaðir sérstaklega, sem og Kjarvalshvammur í Hjaltastaðarþinghá. Kjarvalsstofa, sýning um líf og list meistara Kjarvals, opnaði til sýninga sumarið 2002 og á árinu undirbyggðu forstöðumaður Kjarvalsstofu og safnstjóri Minjasafns Austurlands samstarf, sem mótaðist aðallega að umsóknum í sjóði vegna viðhalds Kjarvalshvamms, sem og hugsanlegum hópferðum á Borgarfjörð eystra.

*Forseti Íslands á Borgarfirði
eystra með fjölskyldu
safnstjóra, ásamt góðum
gestum.*

Þann 22. júní heimsótti forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson, Kjarvalshvamm á leið sinni til Borgarfjarðar eystri og þáði kaffi og harðfisk í hvamminum.

Á þessum dýrðardeggi gengu landeigendur á Ketilstöðum, Austur-Hérað og Minjasafn Austurlands

frá samningi um Kjarvalshvamm í Hjaltastaðarhreppi. Ólafur Ragnar Grímsson og Jóhannes Kjarval, barnabarn listmálarans, voru vitundarvottar á skjalinu. Með þessum samningi varð Austur-Hérað löglegur eigandi húsanna og Minjasafn Austurlands varðveisluaðili, en árið 1993 höfðu erfingjar Kjarvals gefið Hjaltastaðarhreppi sumarhúsið, sem átti þó eftir að ganga frá formlega. Í samningum segir að Minjasafn Austurlands annist viðhald hússins, með fjárstuðningi Austur-Héraðs og styrkveitinga, eftir því sem fjárveitingar leyfa.



ÝMIS STARFSEMI SAFNAHÚSSINS

KJARVALSHVAMMUR

Auk áðurgreinds samnings voru á árinu gerðar áætlanir um vinnu vegna viðhalds í Kjarvalshvammi árið 2003. Í undirbúningsferlinu leitaði safnstjóri eftir ráðleggingum varðandi viðhald á húsunum í Kjarvalshvammi til Haraldar Helgasonar á Húsadeild Þjóðminjasafnsins. Með aðstoð Haraldar var síðan gerð framkvæmdaráætlun vegna viðhalds húsanna og stefnan tekin á styrkumsóknir á næsta ári.



*Sumarhús Kjarvals í Hjaltastaðarþinghá.
Janúar 2002.*

GEIRSSTAÐAKIRKJA

Teikning af innviðum Geirsstaðakirkju unnin af grískum arkitekt, Georgos Stamatakis.

Geirsstaðakirkja í Hróarstungu er endurgerð torfkirkju frá Þjóðveldisöld (930-1262). Endurgerðin byggir á niðurstöðum fornleifarannsóknar á rúst kirkju á eyðibýlinu Geirsstöðum í Hróarstungu. Rannsóknin fór fram undir stjórn Steinunnar Kristjánsdóttur fornleifafræðings á vegum Minjasafns Austurlands sumarið 1997. Grafin var upp rúst kirkju sem þar fannst, auk þess sem íveruskáli og túngarður á bæjarstæðinu var kannaður lítillega. Kirkjan er talin hafa verið reist að Geirsstöðum úr torfi og timbri um árið 1000. Býlisins er ekki getið í rituðum heimildum en




samkvæmt örnefnalýsingum er nafnið Geirsstaðir að líkindum hið upprunanlega heiti þess. Fornleifarannsóknin var unnin á vegum Minjasafns Austurlands með styrk úr Vísindasjóði Rannsóknarráðs Íslands.

Fljótlega eftir að rannsókn á kirkjunni lauk komu upp þær hugmyndir að endurgera hana og sótti Minjasafn Austurlands um styrki í ýmsa sjóði til þess, m.a. til Rafaël áætlunar Evrópusambandsins. Kirkjan var endurgerð sumrin 1999, 2000 og 2001 undir verkstjórn Gunnars Bjarnasonar, húsasmíðameistara, Guðjóns Kristinssonar, torfhleðslumanns og safnstjóra safnsins¹. Framkvæmdir þessar nutu fjárstuðnings frá aðildarsveitarfélögum Minjasafns Austurlands, Rafaël- og Cultura 2000- sjóðum Evrópusambandsins, úr Vísindasjóði Rannsóknarráðs Íslands, Ríkissjóði og úr Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Árið 1998 var veittur styrkur til þessa verkefnisins og ljóst var að hægt var að hefjast handa sumarið eftir. Ýmsar stofnanir og einstaklingar í átta evrópskum löndum áttu aðild að verkefninu, þ.e. Ísland, Danmörk, Ítalía, Finnland, Þýskaland, Slóvakía, Skotland og Írland. Guðjón Kristinsson, torfhleðslumaður og Gunnar Bjarnason, húsasmíðameistari unnu síðan, ásamt Jóhönnu Bergmann forstöðumanni Minjasafns Austurlands og Steinunni Kristjánsdóttur, stjórnanda fornleifarannsóknarinnar á Geirsstöðum, við að teikna upp kirkjuna og hefja endurgerð hennar.

Í samráði við Gunnar Guttormsson og Svandísi Skúladóttur, eigendur Litla-Bakka í Hróarstungu, var kirkjunni síðan valin staður á aflögðu túni, innan landareignar þeirra, á vegamótum gegnt bæjarhúsunum þar. Sumrin 1999 og 2000 sendu stofnanir samstarfsverkefnisins handverksmenn sína á vettvang hér fyrir austan og var unnið að kirkjubyggingunni með þeirra hjálp. Fyrra sumarið var lokið við að reisa torfveggi kirkjunnar og að móta viðina með fornum handverkfærum. Auk þess lagði Norður-Hérað til vinnuafli unglíngavinnuflokks sem hlóð túngarð úr torfi, eins og rannsókn sýndi að umlukti hið forna bæjarstæði. Sumarið 2000 var verkinu haldið áfram. Þá voru viðargafnar kirkjunnar settir á sinn stað, þaksperrur reistar og tyrft yfir.

¹ Safnstjórar Minjasafns Austurlands voru þrír á þessu árabili; Jóhanna Bergmann 1999-2000, Steinunn Kristjánsdóttir 2000-2001 og Rannveig Þórhallsdóttir tók við í apríl 2001.

Árið 2000 sótti Minjasafnið um áframhaldandi styrk til Evrópusambandsins, nú í Culture 2000 áætlun þess, til að ljúka endurgerð kirkjunnar. Samstarfsaðilar safnsins komu að þessu sinni frá Írlandi, Skotlandi, Danmörku, Finnlandi og Grikklandi. Styrkurinn var veittur og tímabilið 22. júní til 2. júlí árið 2001 vann vinnuhópur frá samstarfslöndunum, auk Íslands, við að ljúka endurgerð Geirsstaðakirkjunnar. Enn og aftur lagði Norður-Hérað fram vinnu unglunga, sem aðstoðuðu við að raða grjótinu ofan á torfvegginn. Í vinnutörn sumarsins 2001 tókst að ljúka að fullu við innviði kirkjunnar, hlaða torfvegginn í kringum bæjarstæðið og að leggja frárennsli frá kirkjunni út fyrir garðann. Einnig var hlaðið víkingaskip fyrir utan garðinn að Geirsstöðum. Verkinu er lokið og nú stendur kirkjan reisuleg í fallegu umhverfi Hróarstungunnar. Geirsstaðakirkja hefur laðað að hundruð áhugasamra gesta og þrátt fyrir litla kynningu á henni hafa yfir þrjúhundruð manns ritað nafn sitt árlega í gestabók kirkjunnar.



Geirsstaðakirkja að vetrarlagi.

SAFNADAGURINN

Í ár var safnadagurinn haldinn sunnudaginn 14. júlí. Vakin var athygli á sýningum safnsins, auk þess sem minnt var á fornleifarannsókn á Skriðuklaustri, undir stjórn Steinunnar Kristjánsdóttur. Boðið var upp á leiðsögn um rannsóknarsvæðið þennan dag frá kl. 14.00-16.00. Íslandsdeild ICOM sem fyrr um að auglýsa viðburði og sýningar á söfnum landsins á safnadaginn.

FARSKÓLI SAFNMANNA

Farskóli Safna og Safnmanna var þetta árið haldinn á Höfn í Hornafirði undir stjórn Gísla Sverris Árnasonar, ásamt starfslíði Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og með aðstoð safnstjóra Minjasafns Austurlands og Guðnýjar Zoëga. Farskólinn var haldinn dagana 11-13 september, undir yfirskriftinni “Undir nýjum safnalögum”. Margir myndu segja að stjórn farskólans hafi ekki verið hjátrúarfull, þar sem skólinn var haldinn frá 11.september fram á föstudaginn 13. Gekk dagskráin þó að mestu leyti snurðulaust fyrir sig.

Í safnaskólanum þetta árið voru pallborðsumræður um íslenska safna- og menningarpólitík og voru þátttakendur í umræðunum Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Ólafur Kvaran forstöðumaður Listasafns Íslands, Jón Gunnar Ottósson forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, Jóhann Ásmundsson formaður Félags íslenskra safna og safnmanna, Kolbrún Halldórsdóttir alþingismaður, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, Björn Bjarnason fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Einar Már Sigurðarson alþingismaður, fulltrúi Samfylkingarinnar, Ísólfur Gylfi Pálmason alþingismaður, fulltrúi Framsóknarflokksins og stjórnandi Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri. Helstu fyrirlesarar og umfjöllunarefni í farskólanum voru eftirfarandi: Margrét Hallgrímsdóttir - Safnasjóður,


stefnumótun minjasafna og safnastefna 2001-2007. Ólafur Kvaran - Listasöfn á Íslandi. Inger Gridberg, fræðslufulltrúi við Jykopingháskóla í Svíþjóð – “Hot spots” á sýningum. Mats Hulander frá Ekomusseum Bergslagen í Svíþjóð - Uppbygging safnsins og helsta safnastarf. Neil Fazakerley frá auglýsingadeild Vísindasafnsins í London - Kynningarmál og textagerð í nútímasöfnum. Karla Kristjánsdóttir frá Listasafni Íslands - Áætlanagerð stofnana. Soffía Karlsdóttir frá Listasafni Reykjavíkur - Markaðssetning og kynning safna. Guðmundur Gunnarsson frá Brunamálastofnun. - Brunavarnir í söfnum. Magnús Skúlason - Húsafríðunarsjóður og Húsafríðunarnefnd Ríkisins. Þorgeir Ólafsson- Menningarborgarsjóður, menntamálaráðuneyti og Alþingi, Svanbjörg Einarisdóttir - Upplýsingaþjónusta menningaráætlunar ESB. Signý Ormarsdóttir frá Menningarráði Austurlands. – Styrkumsóknir og sjóðir. Jóhann Ásmundsson stýrði umræðum um áherslur í menntun safnmanna. Fyrirlestrarnir voru mjög áhugaverðir og fræðandi. Safnmenn létu þó ekki staðar numið eftir fræðslu dagsins, heldur fóru saman í ýmsar skoðunar- og skemmtiferðir. Á miðvikudagskvöldið var snæddur humarnáttverður um borð í Akurey í boði Skinney-Þinganness hf og á fimmtudeginum var farið í skoðunarferð frá Höfn til Skaftafells með viðkomu að Smyrlabjörgum. Þar bilaði önnur rútan, en ekki kom það mikið að sök. Haldin var árshátíð safnmanna og íslensku safnaverðlaunin afhent Byggðasafni Árnesinga fyrir öflugt sýningarhald og glæsilega uppbyggingu. Daginn eftir, föstudaginn þrettánda, var siglt út á Ós í svarta þoku. Skipið sigldi á sker, en varð þó ekki fyrir teljandi skemmdum og komust safnmenn klakklaust á áfangastað. Þegar hópurninn kom að Horni létti þokunni og stórkostlegt landslagið blasti við. Frá Horni var ekið að Hólmi þar sem dr. Bjarni F. Einarsson sagði viðstöddum frá fornminjum. Lauk farskólanum í Bjarnanesi, þar sem Hreinn Eiríksson meðhjálpari og formaður sóknarnefndar sagði frá staðnum og sýndi kirkjuna. Má geta þess að í farskólanum tók safnstjóri Minjasafns Austurlands við starfi gjaldkera Félags Íslenskra Safna og Safnmanna.

BÓKAVAKA OG JÓLAGLEÐI

Bókavakan var að venju haldin fyrsta föstudaginn í aðventu, þann 6. desember, með þokkalegri aðsókn. Jólagleðin, þann 13. desember, frá 17.00-19.00 var nokkuð fábrotin í ár vegna mikilla anna í kringum opnun sýninga M.E. nemenda, en boðið upp á piparkökur og kakó í tilefni dagsins.


GESTAFJÖLDI

Á árinu 2002 rituðu 2.257 nafn sitt í gestabók safnsins. Hér sést gestafjöldi samanborinn við síðustu ár. Aukning á aðsókn gesta á milli ára er 4%.



Af heildar gestafjölda teljast 886 íslendingar (41%), 196 börn ein eða í fylgd með

fullorðnum (9%), 673 gestir með skólahópum (31%), og 402 erlendir gestir (18%).



Íslendingar eru langstærsti hluti þeirra sem sækja safnið heim og er því stærsti markhópur safnsins. Börn, bæði með fullorðnum og skólahópum eru 40% af gestum og því rökrétt að álykta að einnig þurfi að miða sýningar og viðburði við þau.

FORNLEIFARANNSÓKN

Skriðuklaustursrannsóknir. e. Steinunni Kristjánsdóttur

Þann 18. júní 2002 hófst fornleifauppgröftur á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Meginmarkmið uppgraftarins er að rannsaka klaustur það sem starfrækt var á Skriðu í Fljótsdal á tímabilinu 1493-1554. Uppgröftur sumarsins 2002 stóð til 16. ágúst. Ráðnir voru 10 starfsmenn til hans. Sjö þeirra unnu við uppgröftinn allt tímabilið, aðrir í skemmri tíma. Starfsmennirnir voru eftirtaldir, auk höfundar sem verkstýrði uppgrefti:

Jón Ingi Sigurbjörnsson, félags- og sagnfræðingur.

Sófus Jóhannsson, sagnfræðingur.

Daniel Lindblad, fornleifafræðingur.

Stefano Paci, fornvistfræðingur (sérgrein:viðargreiningar).

Bára Sigurjónsdóttir, tónlistarkennaranemi.

Julian Jansen van Rensburg, 2. árs fornleifafræðinemi.

Jonathan Møller, fornvistfræðingur (sérgrein:greiningar á dýrabeinum).

Helene Martin, sagnfræðingur.

Rosie Fuller, 2. árs fornleifafræðinemi.

Cristina Bastiani, leiðsögumaður.

Auk ofantalinnar var Magnús Sigurgeirsson jarðfræðingur fenginn til þess að greina gjóskulög á rannsóknarsvæðinu og umsjón með forvörslu höfðu þau Halldóra Ásgeirsdóttir og Helgi Örn Pétursson, forverðir á Þjóðminjasafni Íslands. Allir þeir gripir sem grafnir voru upp sumarið 2002 eru nú varðveittir þar.

Uppgröfturinn á Skriðuklaustri var rekin fyrir fjárframlag úr Kristnihátíðarsjóði. Auk þess hlutu Skriðuklaustursrannsóknir styrk úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins fyrir verkefnið Excavation Centered Training in European Archaeology (ECTEA) sem sótt hafði verið um í samvinnu við breska fyrirtækið Grampus Heritage and Training Ltd. ECTEA-verkefnið miðar að þjálfun breskra nema í uppgraftartækni. Með styrknum var greidd þátttaka fjögurra fornleifafræðinema úr breskum háskólum.

Jafnframt var samstarfssamningur gerður við ítölsku viðargreiningarstofuna Istituto per la Ricerca sul Legno í Flórens um vistfræðigreiningar og þjálfun tveggja ítalskra vísindamanna við uppgröftinn. Aðrir styrktar- og samstarfsaðilar voru Héraðsskógar á

Egilsstöðum, Fuji-umboðið á Íslandi, Hönnun og ráðgjöf ehf á Egilsstöðum, Húsasmiðjan, Gunnarsstofnun, Klausturkaffi á Skriðuklaustri, Landsvirkjun og Brimborg.

Uppgröftur sumarið 2002 einskorðaðist við 140 m² svæði á Kirkjutúninu sem liggur um 150 metrum neðan við gamla bæjarstæðið á Skriðu. Á svæðinu komu í ljós rústir fjögurra samliggjandi bygginga. Lokið var að fullu við uppgröft í einni þeirra en haldið verður áfram að grafa upp hinar þrjár sumarið 2003.

Ekki þarf að eyða fé og tíma í að komast niður á rústir klaustursins sem er aðalviðfangsefni rannsóknarinnar því þær liggja efstar rústa á svæðinu. Varðveisluskilyrði eru ótrúlega góð á staðnum. Grunnform klausturbygginganna er af báðum þessum ástæðum nánast óskemmt. Byggingarnar hafa ekki verið rifnar né byggt á þeim svo skemmdir hafi hlotist af. Gjóskulög eru að sama skapi mjög svo greinileg á svæðinu, meðal annars vegna góðra varðveisluskilyrða, og koma því rannsókninni að mjög góðum notum til aldursgreininga.

Enn er ekki að fullu ljóst hvort allar byggingarnar tilheyra sama byggingaskeiðinu en samkvæmt vitnisburði gjóskulaga í rústunum voru a.m.k. þrjár þessara bygginga reistar skömmu eftir að gos varð í Veiðivötnum árið 1477. Fjórða byggingin gæti verið eldri en úr því verður ekki skorið fyrr en uppgrefti á henni hefur lýkur. Allar byggingarnar fjórar eru komnar í eyði nokkuð löngu áður en gos verður aftur í Veiðivötnum árið 1717. Þeir gripir sem hingað til hafa fundist í rústunum styðja þessa aldursgreiningu. Gripirnir benda til klausturhalds og andlegrar trúariðkunar á Kirkjutúninu frekar en til veraldlegra athafna.

Samkvæmt aldursgreiningum gjóskulaga og gripa eru þær rústir sem byrjað er að grafa í á Kirkjutúninu augljóslega frá tímum klausturhalds á Skriðu. Útlit rústanna og form, auk gripanna, bendir jafnframt til þess að þær séu ekki leifar bæjarstæðis heldur er hér að öllum líkindum um rústir klaustursins að ræða. Niðurstöður sumarsins styðja því þá kenningu sem sett hefur verið fram að klaustrið hafi staðið á Kirkjutúninu á Skriðu og að umsvif þess hafi verið aðskilin frá daglegu amstri á bænum. Ljóst er einnig frá uppgrefti sumarsins 2002 að undir rústum klaustursins er landnámsbýli sem vert væri að rannsaka. Fornleifarannsóknin *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna* beinist þó sem fyrr að byggingum klaustursins og starfsemi þess.

Jón Ingi Sigurbjörnsson leiðsegir að
Skriðuklaustri



Costumes and Masks Stimulating Innovative Art and Design

Framkvæmdarstjóri samstarfsaðila: Rannveig Þórhallsdóttir, safnstjóri á Minjasafni Austurlands

Þátttakendur:

Elísabet Agla Stefánsdóttir, sautján ára nemi í M.E.
Steinrún Ótta Stefánsdóttir, átján ára nemi í M.E.
Ruth Magnúsdóttir, kennari, vinnur á Skólaskrifstofu Austurlands.
Halla Ormarsdóttir, fatahönnuður og kennari.
Unnur Sveinsdóttir, leikmyndahönnuður og myndlistarmaður.

Minjasafn Austurlands tók í ár í fimmta sinn þátt í Evrópusambandsverkefni. Verkefnið í ár bar heitið CAMSIAD (*Costumes and Masks Stimulating Innovative Art and Design*) og var innan Menning 2000, menningaráætlunar Evrópusambandsins. Verkefninu var stýrt frá Bretlandseyjum í gegnum fyrirtækið *Grampus Heritage and Training Ltd.*, sem hefur bækistöðvar í Englandi og Skotlandi. Aðildarlönd ásamt Íslandi voru Búlgaría, Slóvenía, Þýskaland, Slóvakía, Tékkóslóvakía, Írland, Kýpur, England og Skotland.

Hópurinn í Runu, ættaróðali safnstjóra, í vinnuferð hópsins helgi í september á Borgarfirði eystra. F.v. Elísabet Agla Stefánsdóttir, Unnur Sveinsdóttir, Steinrún Ótta Stefánsdóttir, Halla Ormarsdóttir og Ruth Magnúsdóttir.




Minjasafn Austurlands hefur verið þátttakandi með enska fyrirtækinu Grampus í bæði PARABOW og CAPP, innan Menning 2000 menningaráætlunar Evrópusambandsins. Minjasafnið hefur einnig tekið á móti leiðbeinendum

og nemendum sem unnið hafa að fornleifauppgreftri, byggingu Geirsstaðakirkju í Hróarstungu, sem og verkefnum sem tengst hafa útskurði á beinum, hornum og við, silfursmíði, grasvefnaði og hleðslu víkingaskips úr torfi og grjóti við Geirsstaðakirkju. Í handverksvinnu hefur safnið m.a. notið góðs af samstarfi við handverksfyrirtækið Eik á Miðhúsum.

Minjasafn Austurlands sendi sex einstaklinga erlendis vegna verkefnisins CAMSIAD. Unnið var að hönnun nýstárlegs þjóðbúnings út frá þjóðsögunni um selhaminn, en sömu þjóðsögu er að finna hjá írum, norðmönnum, skotum og færeyingum. Við hönnunina var íslenski skautbúningurinn og faldur notaður til hliðsjónar. Barst verkefninu styrkur í formi laxaroðs frá Sjávarleðri hf. á Sauðárkróki. Í verkefninu CAMSIAD komu saman ungir hönnuðir, handverks- og listafólk og leitast var við að skapa frumlega evrópska sjálfsmynd með grímu- og búningahönnun. Hugmyndafræði verkefnisins var að tengja saman ungt og hæfileikaríkt listafólk, til að kanna hefðbundna tækni hvers svæðis á sviði grímu- og búningagerðar. Einnig var markmiðið að tengja saman ólíkar þjóðir innan Evrópu og skoða hvað þær eiga sameiginlegt, en aðilar að verkefninu tengdust allir lista- og menningarstarfsemi. Heildarfjárhæð styrksins var 12,6 milljónir íslenskra króna, nam hlutur *Minjasafns Austurlands* 800.000 króna og var honum varið í efnis- og ferðakostnað þátttakendanna.

Samskipti fóru að miklu leyti fram í gegnum tölvuforritið *Groove*, en með því gátu þátttakendur "spjallað saman" og sent teikningar, hugmyndir og slóðir af heimasíðum á milli landa. Haldinn var upphafsfundur í Skotlandi í júlí. Hluti hópsins fór til Slóveníu í byrjun október, þar sem unnið var að grímuhönnun í viku. Lokafundur verkefnisins var síðan haldinn í Slóvakíu í lok október, þar sem grímugerðarfólkið og búningahönnuðirnir héldu sýningu á afrakstrinum.



Gríma selkonunnar, Elísabet Agla í búningnum og vinnuteikning af kjólnum.

Samstarfsaðilar í verkefninu voru:

- 1) **Balkan Assist, Búlgaríu** - menningartengt fyrirtæki (umhverfis-og menningarmál)
- 2) **Vitra í Cernika, suður af Ljubljana í Slóveníu** – útskurðarlist / skógrækt / ferðamennska
- 3) **Dubener Hiede, Þýskalandi** - tengja saman menningu, skógrækt, arfleifð og listir.
- 4) **Krajina, í Stropkov í Slóvakíu.** - taka á móti erlendum gestum, setja upp þjóðdansasýningar, gera eyðipörp að lifandi söfnum, sýna merka kastala.
- 5) **Verbascum, Tékklandi** - arfleifð tengd fornri verktækni í iðngreinum.
- 6) **Sylviron, Írlandi**, viðhald á náttúrulegu skóglendi, tengist einnig listsköpun.
- 7) **Medi-Terra Cypria, Kýpur** - varðveisla arfleifðar, sérstaklega textíll.
- 8) **Grampus Heritage and Training Ltd., Bretlandi** – aðalstjórnandi verkefnisins; menningarfyrirtæki, tekur þátt í ótal evrópuverkefnum og sendir fólk út um allan heim til að kynna arfleifð, menningu og handverki ólíkra þjóða.


Selhamurinn-selkonan

Í CAMSIAD verkefninu ákvað íslenski hópurinn að vinna með þemað *verur þjóðsögum* og þjóðsöguna um selhaminn, sem fjallaði um sel sem breyttist í konu og aftur í sel. Hugmyndir hópsins um selkonubúninginn var tvínaður við íslenska skautbúninginn, eins og má sjá á faldinum, höfuðbúnaði selkonunnar. Þjóðsöguna um selhaminn er að finna í mörgum löndum, s.s. Íslandi, Skotlandi, Færeyjum, Noregi og Orkneyjum. Við töldum að sagan félli vel inn í evrópuverkefnið CAMSIAD vegna þess hve sagan tengdi saman svo mörg lönd og hana má einnig túlka sem flutning frá einni þjóðmenningu yfir í aðra.

Vinnulag

Frá júlí 2002 voru haldnir vinnufundir íslenska hópsins á mánudagskvöldum. Við notuðum þessa fundi til að bera saman hugmyndir okkar, ræða hvaða stefnu

verkefnið ætti að taka og ganga frá praktískum hlutum, eins og að útvega "hráefni" fyrir hönnunina. Hópnum var síðan skipt niður í grímugerð, búningagerð og faldgerð. Unnur Sveinsdóttir sá um grímugerð. Halla Ormarsdóttir og Ruth Magnúsdóttir sáu um búningagerð og Steinrún Ótta Stefánsdóttir og Elísabet Agla Stefánsdóttir sáu um faldgerðina. Unnið var að hönnun á hverju viðfangsefni á milli vinnufunda. Þann níunda ágúst ákvað hópurinn að búa til grímu, sem huldi hálft andlitið og tengja grímuna við faldinn, þ.e. höfuðbúnaðinn. Við hönnunina voru tengdir saman hlutar úr skautbúningnum við efnivið sem mátti tengja selkonunni – margskonar sjávarfang. Í grímuna var notaður þurrkaður rekaviður og í búninginn var notuð þæfð ull, laxaroð, líparítsteinar, skeljar og þurrkaður þari. Faldurinn var gerður úr þæfðri ull, þurrkuðum þara og selstönn. Laxaroðið fengum við, eins og áður segir, sem styrk frá fyrirtækinu *Sjávarleður* á Sauðárkróki. Unnið var við hönnun eina helgi í september á Borgarfirði eystri, til að undirbúa förina til Slóveníu.



Vinnuteikningar selkonuhópsins.

Þátttaka í vinnubúðum erlendis

Upphafsvinnufundur í Skotlandi; Ferðalangar frá Íslandi voru Rannveig Þórhallsdóttir, Halla Ormarsdóttir, og Unnur Sveinsdóttir. Vinnubúðir í Nova Vas í Slóveníu; Rannveig Þórhallsdóttir, Unnur Sveinsdóttir, Elísabet Agla Stefánsdóttir og Steinrún Ótta Stefánsdóttir. Lokafundur og sýning í Stropkov, Slóvakíu; Rannveig Þórhallsdóttir, Unnur Sveinsdóttir, Halla Ormarsdóttir, Elísabet Agla Sveinsdóttir og Ruth Magnúsdóttir. Þann 25. nóvember var haldinn opinn kynningarfundur í Minjasafni Austurlands á CAMSIAD verkefninu, hugmyndafræði þess og afrakstri.

STJÓRNARSTÖRF

Í stjórn safnsins í byrjun árs 2002 sátu Þórey Hannesdóttir formaður, f.h. Fellahrepps, Katrín Ásgrímsdóttir varaformaður, f.h. Austur-Héraðs, Magnús Þorsteinsson

ritari f.h. Borgarfjarðar eystri, Hákon Aðalsteinsson meðstjórnandi f.h. Fljótsdalshrepps og Björgvin Geirsson meðstjórnandi f.h. Norður-Héraðs. Katrín Ásgrímsdóttir fór í fæðingarorlof í lok ársins og tók Helga Guðmundsdóttir sæti í stjórninni í hennar stað, fyrir hönd Austur-Héraðs.

Varamenn voru Páll Benediktsson, f.h. Norður-Héraðs, Þorsteinn Sveinsson f.h. Fellahrepps, Agnes Helgadóttir f.h. Fljótsdalshrepps, Helga Guðmundsdóttir f.h. Austur-Héraðs og Björn Aðalsteinsson f.h. Borgarfjarðarhrepps eystri. Eftir sveitarstjórnarkosningar komu inn nokkrir nýjir fulltrúar í stjórn safnsins. Kristjana Björnsdóttir tók við sem fulltrúi Borgarfjarðarhrepps eystri og Björn Aðalsteinsson sem varamaður. Ásmundur Þórarinnsson tók við sem fulltrúi Norður-Héraðs og Ingifinna Jónsdóttir sem varamaður. Íris Lind Sævarsdóttir kom inn sem fulltrúi Austur-Héraðs og Emil Björnsson sem varamaður. Einnig tók Gunnar Jónsson við sem varafulltrúi Fljótsdalshrepps. Endurskoðendur Minjasafns Austurlands árið 2002 voru sem fyrr KPMG endurskoðun hf.

Haldnir voru átta stjórnarfundir á árinu. Helstu umfjöllunarefni á stjórnarfundum ársins voru fjármál safnsins og fjórðungsuppgjör, nýjungar í starfsemi safnsins og styrkveitingar úr ýmsum sjóðum. Á árinu var rekstur safnsins að mestu leyti í samræmi við fjárhagsáætlun og með aukaframlagi aðildarsveitarfélaganna á árinu var mögulegt að greiða uppsafnaðan halla síðustu ára. Tillögur komu um lengri opnunartíma safnsins, til að ná til stærri ferðamannahópa, en til að halda rekstri safnsins réttu megin við strikið var ákveðið að geyma slíka breytingu um sinn. Rætt var um aðild að miðlæga gagnagrunninum Sarpi. Samþykkt var á stjórnarfundum að starfsmenn safnsins nyttu sömu kjara og starfsfólk Austur-Héraðs varðandi íþróttaaðstöðu, sem fól í sér niðurgreiðslu á sund- og þrektímum. Fjallað var um framlag ríkisins til rekstrar safna á landinu, sem virðist fara lakkandi með aukinni aðsókn safna í safnasjóð, en sömu fjárveitingu og fyrri ár.

Nokkur innsend erindi voru tekin fyrir á stjórnarfundum ársins. Þar á meðal var fyrirspurn Þórhalls Þorsteinssonar varðandi hugsanleg kaup á frímerkjasafni Þorsteins Sigurðssonar lækis, föður Þórhalls. Ákveðið var að ekki yrði fjárfest í frímerkjasafni Þorsteins, með tilliti til greinar í samstarfssamningi um hlutverk safnsins, auk bágrar fjárhagsstöðu þess. Fjallað var um áframhaldandi fornleifarannsókn á Skriðuklaustri og Evrópusamstarfsverkefni sem safninu stóð til boða að verða aðili að. Einnig var fjallað um peningagjöf sem barst til Minjasafns Austurlands og Héraðsskjalasafns Austfirðinga frá Austfirðingafélaginu í Reykjavík, kr. 417.700, sem var nýtt til kaupa á skjávarpa.

SAFNAUKI

Á árinu voru nýskráningar 258 talsins, sem er gífurleg aukning frá árinu 2001.² Gefendunum Jóni Runólfi Karlssyni, Ástu Hönnu Gunnsteinsdóttur, Hjálmar Jólssyni,

² Nýskráningar ársins 2001 voru 71 talsins.

Gísla Gylfasyni, Önnu Bjarnadóttur, Önnu Bragadóttir, Sólveigu Bergsteinsdóttur, Herborgu Magnúsdóttur, Jóni Atla Gunnlaugssyni, Stefáníu Hrafnkelsdóttur, Dagnýju Karlsdóttur, Braga Björgvinssyni, Guðmundi Bjarnasyni, Þorbjörgu Bergsteinsdóttur, Margréti Aðalsteinsdóttur, Halldóri Njálssyni, Guðmundi Nikulássyni, Sigurjóni Þór Tryggvasyni, Stefáni Guðmundssyni, Sigrúnu Björgvinsdóttur, Sigurði Arnarsyni, Þorsteini Steinþórssyni, Eiríki J. Kjerúlf, Birgi Björgvinssyni og Þórarni Stefánssyni eru þakkaðar góðar gjafir til safnsins.

Aðföng safnsins voru margvísleg að gerð og lögun. Sérstaka athygli vaktu þorrablótsglasasafn Hjálmars Jónssonar, fyrrverandi apótekara, en safnið spannaði árin 1982-2000 og innihélt 22 þorrablótsglös. Búnaðarsamband Austurlands gaf safninu gripi er tengdust tilraunabúinu að Skriðuklaustri. Stefán Guðmundsson færði safninu 66 muni úr eigu skátafélagsins Ásbúa. Voru skjöl frá félaginu afhent Héraðsskjalasafninu við sama tækifæri. Munir úr Kjarvalshvammi, 29 talsins, voru skráðir inn á aðfangaskrá safnsins. Austur-Hérað færði safninu einnig 82 muni úr Eiðaskóla. Minjasafn Austurlands hefur notast við skráningarkerfið File Maker Pro 5.0 v1. Í kjallara Safnahússins hefur Minjasafn Austurlands ágætis aðstöðu til forvörslu. Þar er rennandi vatn og nægt borðpláss, til að vinna með ólíka safngripi. Skráning fer fram í einu herbergi, forvarsla í öðru og þökkun í því þriðja. Reynt er eftir föngum að afla eins mikilla upplýsinga og hægt er um þá safngripi sem koma inn á safnið, um leið og þeir eru skráðir inn. Best er að afla upplýsinganna samhliða því að skrá munina, en ef þess gefst ekki kostur nýtur safnið góðs af því að fá jafnan fullorðna íbúa bæjarins í kaffi af og til og er þeir þá spurðir spjörunum úr varðandi notkun og hlutverk framandi muna úr gamalli tíð. Þakkar safnið því góða fólki sem gefur sér tíma til að setjast niður og aðstoða starfsfólk safnsins.

Geymslur og forvörsluverkstæði eru búnar öryggis- og brunavarnarkerfi og er hita- og rakastýringarkerfi í öllu Safnahúsinu. Kerfið myndi nýtast enn betur ef Safnahúsið væri fullklárað, því óþéttir veggir sem liggja að forvörsluverkstæði valda sveiflum í hitastigi í kjallara fyrir framan geymslu og verður að bæta úr því í nágrenni framtíð. Eins og víða annarsstaðar eru geymslur Minjasafn Austurlands fullar af munum og hefur reynst erfitt að koma fleiri safngripum fyrir í þeim.

Staða forvörslu á Minjasafni Austurlands er ágæt með tilliti til aðstöðu og er verkstæðið ágætlega búið af efnum, tækjum og tólum miðað við mörg önnur söfn á landinu. Þar sem starfsfólk safnsins hefur ekki sérmenntun í forvörslufræðum nýtum við okkur oft en ekki sérþekkingu starfsfólks Þjóðminjasafns Íslands á ólíkum sviðum forvörslunnar um meðhöndlun ólíkra safngripa og forvörslu á þeim.

INNLAN – ÚTLÁN

Innlán og útlán voru með margvíslegu móti á árinu. “Nýting” safnsins, ef svo má nefna, sést vel á þeim ólíku hópum sem höfðu samband við safnið á árinu til að fá safngripi lánaða. Á árinu fékk Árni Bjarnason rokk lánaðan til viðgerða og kann safnið Árna góðar þakkir fyrir. Helga Kristín Sæbjörnsdóttir fékk lánaðan kistil og ask á leiksýningu sem haldin var í íslenskuáfanga í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Kaldaljós, kvikmyndafélag fékk einnig lánaðan þvottapott, olúvél, saumavél, leikföng og kaffibolla og meðdiska í leikmynd stórmyndarinnar Kaldaljóss, sem tekin var að stórum hluta upp á Seyðisfirði. Karl Lauritsson fékk þrjú signet lánuð í nokkra daga til að senda út merkt boðsbréf í matarklúbbinn sinn. Gunnarsstofnun fékk lánaða fimmtán gripi á sýningu um útilegumenn. Leikfélag Fljótsdalshéraðs fékk lánaða ellefu gripi á leiksýninguna Maður og kona. Guðborg Jónsdóttir lánaði safninu einnig hina þekktu Skeggmannskönnu frá Skriðuklaustri á sýninguna Klausturlíf á Íslandi. Þórarinsstaðakrossi svonefndum, sem hafði verið í útláni í Þjóðmenningarhúsinu frá 9. júní 2000, var skilað aftur á safnið. Var krossinum bætt inn í sýninguna Mörk Heiðni og Kristni, en um sömu mundir var unnið að flutningi sýningarinnar frá aukasýningarsal á neðri hæði í aðalsýningarsal á miðhæð.

STYRKIR

Safnasjóður styrkti Minjasafn Austurlands samtals um kr. 1.700.000 á árinu. Voru kr. 1.000.000 ætluð í rekstrarkostnað (áður launastyrk), en kr. 600.000 í verkefnastyrk. Fyrir verkefnastyrkinn var lokið við uppsetningu á sólarfilmu í glugga til að verja safngripi gegn útfjólubláu ljósi. Einnig var lokið við þýðingar á texta í sýningarsal safnsins á ensku. Í byrjun höfðu verið uppi hugmyndir um að þýða texta í sýningarsal einnig yfir á þýsku, en þar sem textinn var farinn að taka mikið pláss í sýningarsalnum var ákveðið að snúa frá þeim hugmyndum og stefna frekar að því að hafa sýningartexta í framtíðinni í veglegum bæklingum á þremur tungumálum. Þriðja framlagið úr Safnasjóði var kr. 100.000 styrkur vegna undirbúnings miðlæga gagnagrunnsins Sarps. Í menntaskólasýninguna "Klausturlíf á Íslandi" fengust kr. 100.000 frá Menningarráði Austurlands, sem studdi einnig við menningartengda rútufærð sem Minjasafn Austurlands stóð fyrir þann 18. ágúst um Hróarstungu með kr. 100.000 framlagi. Menningarsjóður Héraðssvæðis styrkti þjóðháttadagana, sem voru á hverjum fimmtudegi sumarið 2002, með kr. 50.000 framlagi.

Vesturfarasýningin fékk kr. 60.000 framlag frá eftirtöldum aðilum: Búðarhreppi, Hitaveitu Egilsstaða og Fella, Norður-Héraði, Fellahreppi, Austur-Héraði, Menntaskólanum á Egilsstöðum og V.Í.K.A.

Í Evrópuverkefnið CAMSIAD fengust kr. 868.104 úr sjóðum Menning 2000. Menningarborgarsjóður styrkti viðhald í Kjarvalshvammi um kr. 100.000, en sú styrkumsókn var í samstarfi við Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystra.

Minjasafn Austurlands hafði skuldað Safnastofnun Austurlands kr. 150.684 frá árinu 1996. Safnstjóri Minjasafns Austurlands sendi Safnastofnun Austurlands bréf þann 5. september og óskaði eftir því að skuldin yrði felld niður og breytt í styrk á árinu 2002. Þar sem Safnastofnun Austurlands hafði verið lögð niður tók stjórn SSA málið fyrir á fundi þann 19. nóvember 2002 þar sem tillagan var samþykkt. Er stjórn SSA færðar þakkir fyrir styrkveitinguna.

Eins og áður segir færði Austfirðingafélagið í Reykjavík Minjasafni Austurlands og Héraðsskjalasafni Austfirðinga peningagjöf, kr. 417.700, sem nýtt var til kaupa á skjávarpa. Er Austfirðingafélaginu þökkun höfðingleg gjöf til safnsins.

LOKAORÐ

Á árinu 2002 náðust mörg sett markmið. Gestafjöldi jókst lítillega á milli ára,

styrkveitingar til safnsins voru veglegar og starfsemi safnsins var lifandi. Á árinu naut starfsemi safnsins góðs af óvenju mörgum styrkjum. Styrkveitingar námu kr. 3.028.788, eða tæpum 30 % af heildarrekstrartekjum Minjasafns Austurlands, á meðan framlög aðildarsveitarfélaganna námu kr. 6.823.841, þ.e. 64% af heildarrekstrartekjum. Tekjur safnsins af aðgangseyri og minjagripasölu námu kr. 708.469, eða 6%.

En betur má ef duga skal. Á næstu árum þyrfti að ná eftirfarandi markmiðum: að fjölga starfsfólki til að sinna betur skráningu, safnakennslu og sýningarhönnun og að ljúka við byggingu safnahússins, til að starfsemi þess nái enn frekar að blómstra. Er það von skýrsluhöfundar að sveitarfélögin leggi meira fé til safnsins á næstu árum svo að áðurnefnd markmið geti orðið að veruleika.